

Skýrsla

67

um aðalfund amtsráðsins í Norðuramtinu 12.—14. júlí 1894.

Ár 1894, fimmtudaginn 12. júlí, var aðal-fundur amtsráðs Norðuramtsins settur og haldinn á Akureyri af settum amtmanni Klemens Jónssyni, forseta amtsráðsins, ásamt amtsráðsmönnunum Benidikt Blöndal í Hvammi, Ólafi Briem á Álfgeirsvöllum og Magnúsi Sigurðssyni á Grund. Amtsráðsmaðurinn úr Þingeyjarsýslu, Benidikt sýslumaður Sveinsson eða varamaður hans, prófastur Árn Jónsson á Skútustöðum, voru ekki mættir.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Forseti minntist á lát Einars umboðsmanns Asmundssonar í Nesi, sem hafði verið í amtsráðinu alla tíð frá því amtsráðin komust á og gegnt því starfi með jafn-miklum sóma og öðrum störfum. Samkvæmt útskrift úr gjörðabók sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu viðvikjandi fundarhaldi hennar 16.—18. apríl þ. á., var kosinn amtsráðsmaður fyrir þann kjörtíma, er Einar Ásmundsson hafði átt eptir, sem sje til ársloka 1897, sýslumaður Benidikt Sveinsson á Hjedinhöfða, og var þessi kosning tekin gild af amtsráðinu. Forseti gjörði þá athugasemd, að endurrit af kosningargjörðinni hefði hann eigi meðtekið, sbr. 2. gr. laga 11. júlí 1890, um breytingu nokkra á tilsk. 4. nóvbr. 1872, um sveitastjórn á Íslandi.
2. Samkvæmt framlögðum útskriftum úr gjörðabókum sýslunefndanna í Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu, voru kosnir í amtsráðið í stað þeirra sem ganga áttu úr því 31. desbr. 1894, í Húnavatnssýslu Benidikt umboðsmaður Blöndal í Hvammi endurkosinn og sem vara-amtsráðsmaður síra Stefán Jónsson á Audkúlu, í Eyjafjarðarsýslu Stefán kennari Stefánsson á Möðruvöllum í stað Magnúsar Sigurðssonar á Grund og sem vara amtsráðsmaður Magnús Sigurðsson á Grund í stað Davíðs prófests Guðmundssonar á Hofi. Þessar kosningar voru samþykktar og gilda fyrir 6 ár frá 1. jan. 1895.
3. Framlagður var reikningur yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norðuramtsins 1893 með fylgiskjölum. Við reikning þenna fannst ekkert að athuga og var hann því samþykktur.
4. Framlagðir voru til rannsóknar eptirfylgjandi reikningar yfir tekjur og gjöld ýmsra sjóða fyrir 1893;
 - a. Búnaðarsjóðs Norðuramtsins,
 - b. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað og
 - c. Prentsmíðjúsjóðs Norðuramtsins.

Reikningar þessir voru endurskoðaðir og ekkert að reikningunum a. og c. fundið, en að því leyti er snertir reikninginn b. fyrir 1891 skýrskotaði forseti til þess, sem gjörst hafði á fundi amtsráðsins 1.—3. júní 1892 (sbr. Stj.tíð. 1892, B. bls. 165) og á fundi þess 14.—16. júní 1893 (sbr. Stj.tíð. 1893, B. bls. 103—104) og gat þess, að hann hefði enn einu sinni skorað á fyrrum sýslumann St. Thorarensen, að borga þær 54 kr. 30 a. í

1. dag septembermán. 1894.

sjóðinn, sem ráðið hefði talið honum til ábyrgðar út af greiðslu landsskulda af jörðum sjóðsins 1891, en hann hefði óskað eptir, að málið yrði borið undir landshöfðingja fyrst, eins og amtsráðið einuig hafði ákveðið, sbr. 52. gr. 2. tilsk. 4. maí 1872, um sveitastjórn á Íslandi. Forseti hafði síðan skrifað landshöfðingja ýtarlega um þetta mál 21. nóvbr. f. á., og var nú framlagt brjef hans 5. jan. þ. á., og lætur hann þar í ljósi að krafa amtsráðsins sje á gildum rökum byggð.

Forseti lagði síðan málið til sátta og lagði fram útskrift úr sáttabók Akureyrarsáttaumdæmis, en samkvæmt henni hafði hann gjört þá sætt við hina fyrri stjórnarnefnd sjóðsins upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins, að St. Thorarensen borgaði fyrir hönd meðstjórnenda sinna 35 krónur til sjóðsins innan 1. ágúst næstkomandi. Amtsráðið samþykkti þessa sátt.

Forseti lagði fram brjef hins núverandi sýslumanns í Eyjafjarðarsýslu, 23. jan. þ. á., þar sem hann fer þess á leit, að amtsráðið vildi breyta úrskurði sínum frá í fyrra á reikningi sjóðsins 1892, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 14.—16. júní f. á. Stjórnartíð. 1893, B. bls. 104., og láta falla niður hina úrskurðuðu ábyrgð 22 kr. 20 a.

Eptir framkomnum upplýsingum og atvikum ályktaði amtsráðið að ábyrgð þessi mætti falla niður.

5. Amtsráðið veitti kvennaskólanum á Laugalandi 300 kr. styrk úr jafnaðarsjóði fyrir yfirstandandi ár, og var framlögð skýrsla um framkvæmdir skólans á árinu 1893 og 1894 og reikningur skólans með fylgiskjölum fyrir 1893.

Í tilefni af erindi frá frú Valgerði Þorsteinsdóttur, forstöðukonu kvennaskólans á Laugalandi, þar sem hún kærir yfir því, að stjórnarnefnd skólans vilji eigi útborga dóttur sinni Jóhönnu 40 kr. af kaupum hennar, sem kennslukonu næstliðinn vetur, álitur amtsráðið að þetta mál sje sjer óviðkomandi, en vísar því til sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu, sem hefur aðal-stjórn skólans á hendi, og vill meiri hluti amtsráðsins um leið geta þess, að eptir framkomnum upplýsingum, virðist sanngirnir mæla með því, að Jóhanna fái þessar umræddu krónur.

Út af því að sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu og stjórnarnefnd kvennaskólans á Ytri-Ey sækja um jafna hluttöku af prentsmiðjusjóðnum eins og kvennaskólanum á Laugalandi er veitt, leiðir amtsráðið athygli hlutaðeiganda að því, að þessi sjóður er að eins ætlaður til styrkveitinga handa námsmeyjum á kvennaskóla í Eyjafjarðarsýslu og námspiltum á gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum, sbr. stofnunarskrá sjóðsins 29. júlí 1886 (Stjórnartíð. 1886, B. bls. 125) enda var enginn annar kvennaskóli til í Norður- og Austuramtinu en skólinn á Laugalandi, þá er eigur prentsmiðjuunar voru gefnar til kvennaskólans.

6. Amtsráðið veitti kvennaskólanum á Ytri-Ey 300 kr. úr jafnaðarsjóði fyrir yfirstandandi ár, og voru framlagðar skýrslur um kennsluna á skólanum 1893 og 1894, og endurrit af reikningi skólans fyrir 1892 og 1893.

7. Reikningur yfir tekjur og gjöld bókasafns Norðuramtsins fyrir 1893 var endurskoðaður og samþykktur. Til safnsins veitti amtsráðið 200 kr. úr jafnaðarsjóði. Á fundi sínum 3.—6. júní 1891 hafði amtsráðið ályktað, að aðrir en þeir, sem eiga heima á Akureyri, skyldu frá nýjári 1892 lausir við að greiða 2 kr. árstíllag það, sem hingað til hafði verið áskilið fyrir notkun safnsins. Forseti skýrði frá, að sjer hefði verið tjáð, að menn á næstu grósum hefðu hjálpað bæjarbúum til að fá bækur til láns ókeypis, sem sje með því, að taka þær til láns handa þeim. Amtsráðið ákvað því, að allir þeir, sem vildu nota safnið, skyldu frá nýjári 1895 greiða 1 kr. í árstíllag.
8. Forseti lagði fram brjef frá búnaðarfjelagi Suðuramtsins 19. febrúar þ. á., þar sem það tilkynnir amtsráðinu, að því standi opið að ganga í nefnt búnaðarfjelað samkvæmt brjefi þess 12. apríl f. á.
Amtsráðið sá sjer eigi fært að taka þessu tilboði af sömu ástæðum, sem teknar eru fram á síðasta fundi, sjá (Stj.tíð. 1893, B. bls. 104).
9. Amtsráðið samþykkti framlagðan reikning sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs sýslunnar fyrir 1893, sem sýslunefndin þar hafði endurskoðað. Reglugjörð sjóðsins hefir hlotið staðfesting konungs, sbr. Stj.tíð. 1893, B. bls. 205.
10. Framlagt var nýtt frumvarp til reglugjörðar um grenjaleitir og eyðing refa í Skagafjarðarsýslu. Amtsráðið staðfesti það til að öðlast gildi 1. janúar 1895.
11. Amtsráðið samþykkti með orðabreytingum tillögur sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu um aðra skipun á yfirsetukvennaumdæmunum þar austan Hjeradsvatna með Hegransinu. — Amtsráðið óskar eptir að þessi breyting verði birt í Stjórnartíðindunum, eins og hinar fyrri breytingar á hinni upphaflegu skipun yfirsetukvennaumdæmanna frá 1876.
Ráðið fann eigi ástæðu til þess, að tiltaka neitt um aðseturstaði yfirsetukvenna, þar sem það býst við, að sýslunefndir yfir höfuð annist um það fyrir tilstilli hreppsnefnda, að yfirsetukonur sjeu sem bezt settar í sínum umdæmum.
12. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, dags. 19. marz þ. á., ásamt útskrift úr gjörðabók sýslunefndarinnar viðvíkjandi fundarhaldi hennar 7.—10. marz þ. á., og fer sýslunefndin þess á leit, að amtsráðið veiti samþykki sitt til þess, að sýslunefndin taki 15000 kr. lán úr landssjóði Sigtryggi snikkara Jónssyni til handa, sem endurborgist með 6% á 28 árum, til þess að koma upp tövinnuvjelum á Oddeyri þannig að Sigtryggur setti vjelarnar að veði fyrir láninu og þar tilheyrandi hús og áhöld, sem allt skyldi vera minnst 15000 kr. virði, og auk þess veð í fasteign eða vátryggðu húsi fyrir 1/3 lásupphæðarinnar; skyldu 1 hndr. í jörðu, sem sýslunefndin tekur gilda, eða 100 kr. af virðingarverði hins veðsetta húss, jafngilda 100 kr. af láninu; lánið skyldi hann þar að auki hafa rentulaust í eitt ár, og skuldbindur hann sig til þess að sigla til útlanda, og dvelja þar

67

vetrarlangt, til þess að kynna sjer þessa iðnaðar grein. — Sýslunefndin áskilur sjer rjett til þess að hafa eptirlitsmenn, sem líti eptir rekstri atvinnunnar og fjárhag, eptir því, sem nánara yrði tiltekið í samningi milli sýslunefndar og lántakanda.

Amtsráðið gaf samþykki sitt til þess, að sýslunefndin tæki þetta lán.

13. Amtsráðið samþykkti að sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu veitti Sigurði hreppstjóra Ólafssyni 500 kr. úr sýslusjóði til þess að kynna sjer í útlöndum tóvinnuvjelar og rekstur þeirra; en sýslunefndin hefur í hyggju, að taka 20,000 kr. lán úr landssjóði til þess að koma upp tóvinnuvjelum.
14. Út af framlögðu brjefi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu 5. marz þ. á., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar leitar samþykkis forseta til þess, að nefndin hafi á fundi sínum 20.—23. febr. þ. á. ályktað að verja mætti allt að því 70 kr. úr sýslusjóði til að ljetta fyrir mönnum með greiðslu ferjutolla, sem þyrftu að sækja alþingiskjörbing það, sem haldast ætti í Skagafjarðarsýslu fyrst í júní, skýrði forseti frá því, að hann í brjefi 16. marz þ. á. hafi látið í ljósi, að hann þyrði ekki upp á sitt eindæmi að samþykkja þetta, og mundi hann leggja mál þetta fyrir amtsráðið, sem hann nú gjörði.

Amtsráðið fann eigi ástæðu til að samþykkja, að þess háttar útgjöld yrðu borguð úr sýslusjóði.

15. Með skýrskotun til skýrslu þeirrar, sem forseti hafði látið amtsráðinu í tje á fundi þess 14.—16. júní f. á. um hluttekning Suður-Þingeyjarsýslu í búnaðarskólanum á Eyðum, skýrði hann enn fremur frá því, að hann eptir amtsráðsfund í Austuramtinu 22. og 23. ágúst f. á., hefði skrifað landshöfðingja um þetta mál 2. sept. f. á., og lagt það til, að honum mætti þóknast að fyrirskipa, að Norður-Þingeyjarsýsla gengi í fjelag við Múlasýslurnar um nefnt skólahald með þeim skilmálum, sem nefndar sýslur hafa gefið kost á, og að búnaðarskólalagjalðið úr Norður-Þingeyjarsýslu, leggist til nefnds skóla. Ut af þessu hafði landsh. í brjefi 11. októbr. f. á., sem var framlagt, sagt svo fyrir, að forseti amtsráðsins tilkynnti sýslunefndinni í nefndri sýslu tilboð sýslunefndanna í Múlasýslunum og hjer að lútandi ályktun amtsráðsins, og leitaði enn á ný yfirlýsingar sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu, hvort hún eigi vildi hlýta þannig löguðu sambandi, eða hjeldi fast við þann kost, að vera heldur fyrir utan sambandið. Þetta hafði svo forseti gjört í brjefi, dags. 31. október f. á. Nú mátti sjá af útskrift úr gjörðabók sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu, frá fundarhaldi hennar 9.—10. apríl þ. á., að nefndin vill hvorki ganga í samband við Eyðaskólann nje aðra skóla með því fyrirkomulagi, sem nú sje á þeim. Með því amtsráðinu þykir það sýnt eptir þessu, að Norður-Þingeyjarsýsla eigi ætlar sjer að ganga í sambandið með Eyðaskólann eða aðra búnaðarskóla, þá vill það enn á ný leggja það til, að landshöfðingi *skipi svo fyrir*, að Norður-Þingeyjarsýsla skuli taka þátt í búnaðarskólalaldinu á Eyðum, með þeim sömu skilmálum og áður hafa verið teknir

fram, með því amtsráðið verður að álíta, að hann hafi fullt vald til þess samkvæmt tilskipun 12. febr. 1872.

67

16. Þar næst var rædd og samþykkt svohljóðandi

Á æ t l u n

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norðramtsins 1895.

Tekjur:

1.	Áætlaðar eptirstöðvar	kr. 1000,00	
2.	Jafnaðarsjóðsgjald	— 3200,00	kr. 4200,00

Gjöld:

1.	Til amtsráðsins	—	400,00
2.	— sáttamála	—	20,00
3.	— heilbrigðismála	—	400,00
4.	— menntamála:		
	a. Kvennaskólans á Laugalandi	kr. 300,00	
	b. — — — — — Ytri-Ey	— 300,00	
	c. Amtsbókasafnsins	— 200,00	— 800,00
5.	Til heyrnar- og málleysingja	—	1700,00
6.	8. afborgun af lánum til Skjálfandabruar	—	118,52
7.	Kostnaður við fangahúsið á Akureyri	—	50,00
8.	Óviss útgjöld	—	711,48
			kr. 4200,00

17. Forseti skýrði frá framkvæmdum á aðalpostvegum hjer í amtinu á sumrinu og frá fjárveitingum landsh. til vegagjörða á yfirstandandi ári. Amtsráðið ályktaði að fara þess á leit við landshöfðingja, að trjebú yrði sem fyrst sett á Valagilsá, með því hún, eins og alkunnugt er, er nær ófær meiri hluta vorsins og illfær að sumarlagi.

Út úr tillögum sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu, um að láta gjöra við pösveginn í Ljósavatnsskarði hjá Sigríðarstöðum, sem bráðleg nauðsyn bæri til, ályktaði amtsráðið að það gæti eigi sinnt þessu máli, vegna þess að engar skýrslur eða upplýsingar lægju fyrir um veg þennan.

18. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hefir í brjefi, dags. 1. maí þ. á., sem var framlagt, leitað samþykkis amtsráðsins til þess, að sýslunefndin hefði eins og sýsluvegasjóðsreikningurinn 1893 einnig ber með sjer, varið 200 kr. til þess að brúa Yxnadalsá á hreppavegi og ennfremur til þess, að taka jafnmikla upphæð úr sjóðnum á yfirstandandi ári til þessarar brúar, sem Skriðuhreppsbrúar hafa skotið saman 300 kr. til og sem væri nú fullgjör. Amtsráðið gaf samþykki sitt til þessa.
19. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Þingeyjarsýslu 19. maí þ. á. og 26. júní þ. á. og þar með fylgjandi endurrit úr gjörðabók sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu frá fundarhaldi hennar 16.—18. apríl þ. á., þar sem leitað er samþykkis amtsráðsins til þess, að sýslufjelagið taki 600 kr.

67. lán til þess að styrkja tóvinnuvjelafyrirtæki Magnúsar Þórarinssonar á Halldórsstöðum. Amtsráðið gaf samþykki sitt til þessa.
20. Forseti lagði fram erindi nokkurt, dags. 28. febr. þ. á. frá hreppsnefndinni í Staðarhreppi í Skagafjarðarsýslu þar sem hún lýsir yfir óánægju sinni með úrskurði þá, sem sýslunefndin í nefndri sýslu hefir lagt á sveitarreikning nefnds hrepps fyrir 1891—92, og óskar eptir að amtsráðið rjetti hlut hreppsins gagnvart hjeraðslækni Árna Jónssyni á Vopnafirði, sem hafði oddvitastörf á hendi í fyrnefndum hreppi til fardaga 1892.
- Með því amtið hefir úrskurðað þetta mál með brjefi 16. apríl þ. á., þá sá amtsráðið enga ástæðu til að leita álits sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu, en áleit nægja að sýslumanninum yrði falið að birta hreppsnefndinni fyrnefnt amtsbrjef, og að taka það fram, að hafi hallærislánið frá 1887 eigi verið notað fullkomlega eins og strangt tekið hefði átt að gjöra, þá væri það á ábyrgð allra hreppsnefndarmannanna, sem sje meðnefndarmanna hjeraðslæknis Árna Jónssonar, og þeirra að leita meints rjettar síns gagnvart honum með lögsókn.
21. Sökum þess að Páll Jónsson barnakennari á Akureyri eigi hafði sjeð sjer fært að nota styrk þann, 200 kr., sem amtsráðið í fyrra veiti honum úr jafnaðarsjóði yfirstandandi ár, til þess að kynna sjer kennslu aðferð á barnaskólum í Danmörku og annað er að kennslu lýtur, endurnýjaði amtsráðið fjárveitinguna til næsta árs eftir beiðni hans.
22. Framlögð voru eptirfylgjandi skjöl og reikningar viðvíkjandi búnaðarskólunum á Hólum:
- a. Prentuð skýrsla um búnaðarskólann 1892—93.
 - b. Endurrit af gjörðabók stjórnarnefndarinnar frá 7.—9. og 15. maí 1894.
 - e. Samrit af reikningi yfir tekjur og gjöld skólasjóðs 1893—94.
 - d. Endurrit af úrskurði amtssáðsins á skólasjóðsreikningnum 1891—92, með áritun stjórnarnefndarinnar.
 - e. Endurrit af úrskurði amtsráðsins á fjárhagsreikningi skólans 1891—92 með áritun stjórnarnefndarinnar um fullnustugjörð.
 - f. Endurrit af úrskurði amtsráðsins á reikningi skólabúsins 1891—92, með áritun stjórnarnefndar um fullnustugjörð.
 - g. Endurrit af úrskurði amtráðsins á reikningi Hólakirkju 1891—92, með áritun stjórnarnefndar um fullnustugjörð.
 - h. Reikningur yfir tekjur og gjöld skólasjóðs 1892—93, með fylgiskjölum, athugasemdum endurskoðanda og svörum stjórnarnefndarinnar.
 - i. Fjárhagsreikningur skólans 1892—93, með athugasemdum og svörum.
 - k. Reikningur skólabúsins 1892—93, með fylgiskjölum, athugasemdum endurskoðanda og svörum skólastjóra.
 - l. Skrá yfir innstæðufje skólasjóðs 14. maí 1893.
 - m. Skrá yfir innstæðu skólabúsins 14. maí 1893.
 - n. Reikningur yfir tekjur og gjöld Hólakirkju 1892—93 með fylgiskjölum.
 - o. Skrá yfir innstæður kirkjunnar á Hólum.

Amtsráðið yfirfór þessi skjöl og úrskurðaði athugasemdir endurskoðenda við reikningana.

23. Forseti lagði fram brjef stjórnarnefndar Hólaskóla 15. maí þ. á., þar sem hún fer þess á leit, að amtsráðið vilji mæla með því við landshöfðingja, að Hólar í Hjaltadal verði ákveðinn bústaður hins væntanlega dýralæknis í Norður- og Austuramtinu, sem skipa á samkvæmt lögum 2. októbr. 1891, um skipun dýralækna á Íslandi, og hefir stjórnarnefndin tilfært ástæður fyrir ósk sinni.

Með því amtsráðið verður að viðurkenna, að það sje mjög mikið í það varið, að dýralæknar geti kennt helztu atriðin, sem lúta að dýralækningum, við búnaðarskóla, og í öðru lagi álitur að ástæður stjórnarnefndarinnar sjeu á góðum rökum byggðar, þá vill það mæla sem bezt fram með því, að hinna fyrirhugaði dýralæknir í Norður- og Austuramtinu setjist að á Hólum.

24. Forseti lagði fram brjef stjórnarnefndar Hólaskólans, dags. 9. maí þ. á. þar sem hún fer þess á leit að amtsráðið taki 20000 kr. lán úr landssjóði, sem afborgist og ávaxtist með 6% árlega í 28 ár, til þess með þessu móti að »convertera» þeim lánum úr landssjóði og úr landsbankanum sem nú hvíla á skólastofnuninni, sem sje 10769 kr. 44 a. og 6000 kr., og til þess að borga ýms bráðabirgðalán, sem falla í gjaldaga á yfirstandandi ári, að upphæð 5148 kr. 86.

Amtsráðið áleit að það væri æskilegt að draga skuldirnar saman í eitt, og fá þá upphæð sem þyrfti á einum stað með sémilegum kjörum, og ákvað því, ef samþykki landshöfðingja fengist, að fá lán úr landssjóði 20000 kr., sem afborgist og ávaxtist á 28 árum með 6% á ári hverju, og fól amtsráðið forseta sínum að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að fá hið umrædda lán úr landssjóði og undirskrifa skuldabryef þar að lútandi fyrir hönd þess.

25. Amtsráðið ákvað að framvegis skuli árlega framfara ýtarleg skoðun á öllu því fje, sem flutt er út lifandi á hverju hausti. Var forseta falið að brýna fyrir lögreglustjórum, að kveða hæfilega marga menn til þess að framkvæma starfa þenna eftir bezta megni og þekkingu. Að loknu starfi skulu skoðunarmenn gefa vottorð upp á æru og samvizku, að þeir áltí ekkert varúðarvert við útflutning fjárins. Slíkt vottorð skal fylgja hverjum skipsfarmi af útfluttu sauðfje og endurrit af því sendast forseta amtsráðsins. Borgun til skoðunarmanna greiðist úr jafnaðarsjóði.

26. Amtsráðinu hefur borizt skýrsla um, að stúlkubarn, að nafni Málmfriður Einarsdóttir, á Rauðhúsum í Eyjafirði, 12 ára gömul, sje fötluð á heyrn og máli, jafnvel þótt vafasamt sje, hvort hún geti talizt daufdumb. Áleit ráðið skylt, að hlutast til um kennslu stúlkun þessarar, samkvæmt tilsk. 26. febr. 1872, en áður en hún yrði send á skóla var samþykkt, að koma henni til lækninga hjá hjeradslækni Ásgeir Blöndal, er sjerstaklega hefur lagt stund á eyrnalækningar. Svo framarlega sem hún fær eigi bót meina sinna, er

67

forseta amtsráðsins falið á hendur, að koma henni til kennslu annaðhvort innanlands eða erlendis eptir samráði við nefndan hjeradslækni.

27. Á fundi sínum 14.—16. júní f. á. hafði amtsráðið frestað til næsta aðalfundar síns, að taka nokkra ákvörðun út af framkominni beiðni frá »Fundafjelagi Eyfirðinga« um styrk til sunnudagaskóla í Eyjafirði, sem sje til áhalda og kennslu á komanda ári, þegar skýrslur væru komnar til forseta um áramótin.

Með því engar skýrslur eru enn komnar, frestaði amtsráðið að taka nokkra ákvörðun um þetta mál fyrr en á næsta aðalfundi, ef skýrslur lægju þá fyrir.

28. Fram lögð voru eptirnefnd eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda, sem voru yfir farin.
- a. Frá Húnavatnssýslu fundargjörðir frá 20. júní og 16. desbr. 1893 og frá 26. febr. til 2. marz þ. á
 - b. Frá Skagafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 22.—23. febr. þ. á.
 - c. Frá Eyjafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 7.—10. marz þ. á.
 - d. Frá Suður-Þingeyjarsýslu, fundargjörðir frá 16.—18. apríl þ. á. Við þessa fundargjörð er það að athuga, að hækkun ferjutolla við höfuðferjuna á Skjálfandafjöti undan Skriðuhverfi ber að leggja undir samþykki amtsins, sbr. kgsbr. 29. apríl 1776, 6. gr.
29. Fram lagðir voru eptirfylgjandi sýslusjóðsreikningar fyrir 1893, sem forseti hafði yfirfarið til rannsóknar og úrskurðar amtsráðsins.
- a. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga og var hann því samþykktur.
 - b. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga og var hann því samþykktur.
 - c. Við reikninginn úr Eyjafjarðarsýslu fannst það að athuga, að sýslusjóðsgjaldið úr Þóroddsstaðahreppi er oftalið um 9 a. og verður því sjóður til næsta árs 132 kr. 99 a.
 - d. Við reikninginn úr Suður-Þingeyjarsýslu fannst ekkert að athuga og var hann því samþykktur, þó með því skilyrði, að einhver grein yrði gjörð fyrir skuld Magnúsar Þórarinssonar á Halldórsstöðum, nú alls kr. 565,98, út af tóvinnuvjelaláninu, sem sýslufjelagið er skrifað fyrir. Forseti skýrði frá því, að sýslusjóðsreikningurinn fyrir 1892 yrði samkvæmt úrskurði amtsráðsins á fundi þess 14.—16. júní f. á. ekki samþykktur fyr en skil yrðu gjörð að því leyti, er snertir ógoldnar afborganir upp í og rentur af láni Magnúsar Þórarinssonar fyrir 1892, sem er að upphæð 121 kr. 98 a. samkvæmt brjefi sýslumannsins, dags. 12. jan. 1894. Að öðru leyti er úrskurði amtsráðsins fullnægt.
30. Fram lagðir voru til úrskurðar og rannsóknar eptirfylgjandi sýsluvegasjóðsreikningar fyrir 1893, sem forseti amtsráðsins áður hafði yfir farið.
- a. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu frá 1892 er úrskurði amtsráðsins fullnægt.

(Framh.)

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Norðuramtinu 12.—14. júlí 1894. (Framh.).

Við reikninginn fyrir 1893 fannst að athuga:

1. Endurrit af úttektum og vegabótaskýrslur eru ókomnar enn, en sýslumaðurinn hefir lofað að senda þessi skilríki sem fyrst.
2. Sýsluvegasjóðsgjaldið er alls 838 kr. 46 a.; af þessari upphæð á helmingurinn, 419 kr. 23 a., að ganga til aðalpóstvega, en samkvæmt landshöfðingiabrjefi 15. júlí 1891 (Stjórnartíð. 1891 B. bls. 99), er leyft, að hin árlega afborgun upp í og vaxtagreiðsla af landssjóðsláninu 1881 til vegabóta, sem var 4000 kr., er endurborgist á 16 árum, mætti dragast frá þessum helmingi sýsluvegagjaldsins þangað til lánið væri fullgreitt. Nú eru að eins tilfærðar 300 kr. gjaldamegin í sýsluvegasjóðsreikningnum, sem afborgun og vaxtagreiðsla, en engin grein gjörð fyrir afganginum, 119 kr. 23 a. Þessa upphæð verður að borga í landssjóð eða fá leyfi landshöfðingja til þess að verja henni til tiltekinna vegabóta á aðalpóstvegi í sýslunni og tillögur sýslunefndarinnar hjer að lútandi sendast forseta amtsráðsins áleiðis til landshöfðingja.

Eptirleiðis ber að færa til útgjalda í sýsluvegareikningnum þann helming gjaldsins, sem leggst til aðalpóstvega, og liðast sú útgjalda grein í 2 liði: a. Borgun lánsins og vaxtagreiðsla af því og b. notkun þess, sem eptir er, til aðalpóstvega, að fengnu samþykki landshöfðingja; tillögur nefndarinnar hjer að lútandi skulu sendar forseta amtsráðsins áleiðis til landshöfðingja.

Um kostnaðinn við þessar vegabætur á aðalpóstleiðinni skal sömu leiðis senda forseta áleiðis til landshöfðingja sjerstakan reikning með tilheyrandi fylgiskjöllum.

- b. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga, og var hann því samþykktur.
- c. Við reikninginn úr Eyjafjarðarsýslu var ekkert að athuga og var hann því samþykktur.
- d. Við reikninginn úr Suður-Þingeyjarsýslu fannst að athuga:

I. Sýslunefndin hefir gjört eptirfylgjandi athugasemdir við reikninginn, en þeim er ekki svarað af reikningshaldara.

1. Við gjaldalið 2.: um vegagjörð í Húsavíkurhreppi. Hreppavegasjóðurinn átti að leggja $\frac{1}{3}$ part á móti $\frac{2}{3}$ þörtum úr sýsluvegasjóði til vegarins milli Húsavíkur og Gvendarsteins, en nú álitur sýslunefndin, að hreppavegasjóðurinn hafi ekki fullnægt því skilyrði, sem sýslunefndin þannig hafði sett í fyrra fyrir fjárveitingu til sýsluvega í nefndum hreppi, sem liggi í því, að í skýrslu verkstjórans eru þau 20½ dagsverk, sem hreppsvegasjóðurinn leggur til, metin á 2 kr. 57 a. hvert, en sýslunefndin vill, að þessi dags-

15. dag septembermán. 1894.

verk sjeu ekki metin hærra en 2 krónur hvert, eins og venjulega er borgað úr sýsluvegasjóði. Sýslunefndin úrskurðar því, að hrepps- sjóðurinn eigi að leggja til vinnu á þessu vori til sýsluvegagjörða $4\frac{3}{4}$ dagsverk eða 9 kr. 50 a.

Amtssáðið, sem samkvæmt lögum er hið rjetta úrskurðarvald í þessum efnum, úrskurðar, að þessi athugasemd megi eptir atvik- um falla niðar.

2. Engin skoðunargjörð liggur fyrir um vegagjörðina um Helgastaða- hrepp.

Amtsráðið úrskurðar, að lögmæt skoðunargjörð eigi að vera komin til forseta amtsráðsins innan 3 mánaða.

3. Sýslunefndin »úrskurðar« um gjaldlið 7. (vegagjörð í Fnjóskadal), að hreppsnefndin í Hálshreppi skuli á þessu yfirstandandi ári láta vinna á sýsluvegi fyrir 5 kr. 50 a., sem vanti frá hreppsvega- sjóðnum, til þess því skilyrði væri fullnægt, sem fjárveitingin úr sýslusjóðnum var bundin við.

Amtsráðið úrskurðar, að þessi athugasemd falli niður.

4. Sýslunefndin athugar og úrskurðar, að við 9. og 10. gjaldlið um vegagjörð frá Borgargerði að Grund og Gljúfrárbrú í Grýtubakka- hrepp vanti fylgiskjöl og skuli fullkomin skilagrein bíða til næsta árs. .

Amtsráðið leggur þann úrskurð á þetta, að fullkomnir reikning- ar fyrir því verki, sem hjer er spursmál um, skuli vera komnir til forseta innan 3 mánaða og enn fremur nákvæmar skoðunar- gjörðir.

- II. Amtsráðið gjörði eptirfylgjandi athugasemdir við sýsluvegasjóðs- reikninginn.

1. Gjaldalið 6., um ýmsar vegabætur á svæðinu frá Landamóti út Kinn, fylgir eigi lögmæt skoðunargjörð, heldur að eins vottorð sýslunefndarmannsins í Ljósavatnshrepp, en verkinu, sem helzt er fólgið í brúargjörð á læknum »Gegni«, er vel lýst í þessu vott- orði, og má því við svo búid standa.
2. Gjaldalið 8 um vegagjörð á Svalbarðsströnd fylgir enginn reik- ningur en að eins kvittun fyrir þeim 50 kr., sem útborgaðar hafa verið. Reikning yfir kostnaðinn ber því að senda forseta amtsráðsins innan 3 mánaða.

Í skoðunargjörðinni er eigi tilgreint, hve breiður vegurinn sje.

Með því skilyrði, að framanrituðum athugasemdum verði fullnægt á til- settum tíma, samþykkir amtsráðið þenna sýsluvegasjóðsreikning.

Fleiri mál komu ekki til umræðu. Fundi slitið.

Skrifstofu Norduramtsins, 19. júlí 1894.

Klemens Jónsson,

settur.